

Fundargerð 65. ársþings HSS



Haldið í Tangahúsinu á Borðeyri
sunnudaginn 6. maí 2012

65. ársþing HSS var haldið í Tangahúsinu á Borðeyri laugardaginn 6. maí 2012 kl. 13:00. Tuttugu og fimm fulltrúar frá fimm aðildarfélögum sóttu þingið; Umf. Hörpu, Umf. Geisla, Umf. Neista, Skíðafélagi Strandamanna og Golfklúbbi Hólmavíkur. Ekki mættu fulltrúar frá Umf. Hvöt, Sundfélaginu Gretti og Umf. Leifi heppna. Auk fulltrúa frá félögum sátu þrír gestir frá UMFÍ og ÍSÍ fundinn og Arnar S. Jónsson framkvæmdastjóri sambandsins.

1. Þingsetning

Formaður HSS, Vignir Örn Pálsson setti fundinn og bauð þingfulltrúa og gesti þingsins velkomna. Gestir þingsins voru Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ og Stefán Skafti Steinólfsson stjórnarmaður í UMFÍ.

2. Tilnefning fundarstjóra, varafundarstjóra, og tveggja fundarritara

Vignir tilnefndi Ingimar Sigurðsson sem fundarstjóra og Jóhann Björn Arngrímsson sem varafundarstjóra. *Samþykkt samhljóða.*

Þá gerði formaður tillögu um Jón Pálmar Ragnarsson og Ragnheiði B. Guðmundsdóttur sem fundarritara. *Samþykkt samhljóða.*

3. Skipun kjörbréfanefndar

Ingimar Sigurðsson tók nú við fundarstjórn og bauð alla velkomna. Hann lagði fram tillögu um að Rósmundur Númason, Guðbjörg Hauksdóttir og Jóhann Lárus Jónsson skipuðu kjörbréfanefnd. *Samþykkt samhljóða.*

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

4. Skýrsla stjórnar

Vignir Örn Pálsson formaður las skýrslu stjórnar og fór í grófum dráttum yfir starf sambandsins síðastliðið starfsár. Stjórn HSS var þannig skipuð sl. starfsár: Formaður Vignir Örn Pálsson, varaformaður Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, gjaldkeri Þorsteinn Newton, ritari Aðalbjörg Óskarsdóttir og meðstjórnandi Rósmundur Númason. Stjórnin hélt átta bókaða fundi á starfsárinu, en auk þess voru ákvarðanir teknar í gegnum síma, tölvupóst og á óformlegum fundum.

Mótshald var öflugt á árinu. Héraðsmót HSS í frjálsum fór fram laugardaginn 23. júlí á Sævangsvelli. Þar kepptu um 55 keppendur frá öllum aðildarfélögum HSS, auk átta keppenda frá UDN og sex annara gesta. Geislinn sigraði í stigakeppni félaganna með 209 stig, 223,5 stig, næst var Harpa með 96 stig, þá kom Neisti með 72,5 stig, Hvöt með 68 stig og Leifur heppni fékk 12 stig.

Barnamót HSS í frjálsum íþróttum fór fram sunnudaginn 21. ágúst á Drangnesi. Þrjátíu krakkar mættu til keppni. Þar af voru fimm frá UDN, tíu frá Neista, þrjár frá Hvöt og tólf frá Geisla. Félagar úr Umf. Neista héldu grillveislu eftir mót fyrir keppendur og mótsgesti, en KSH styrkti HSS um pylsur og meðlæti.

Polla- og þæjumót HSS í knattspyrnu 14 ára og yngri var haldið á sparkvellingum á Hólmavík föstudaginn 1. júlí, við upphaf bæjarhátíðarinnar Hamingjudaga. Alls tóku 28 krakkar þátt og allir fengu þátttökupeninga.

Knattspyrnumót HSS og Hólmadrangs var haldið laugardaginn 19. nóvember í Íþróttamiðstöðinni á Hólmavík. Mótið var fyrir krakka 6-13 ára. Héraðssambandið bauð krökkum frá UDN og USVH á mótið og mæting frá þeim var ágæt, en alls tóku um 65 krakkar þátt. Hólmadrangur styrkti mótið um verðlaunapeninga og Vífilfell gaf svara. Keyptar voru pizzur og öllum þátttakendum boðið í hlaðborð að lokinni verðlaunaafhendingu.

Héraðsmót í skíðagöngu var haldið inni Selárdal sunnudaginn 5. febrúar. Skíðafélag Strandamanna sá um mótshaldið fyrir Héraðssambandið. Gengið var með hefðbundinni aðferð og frjálstri aðferð sitt hvorn helminginn af göngunni.

Héraðsmót í badminton var haldið í Íþróttamiðstöðinni á Hólmavík laugardaginn 10. mars. Mótið var fyrir 14 ára og eldri og keppt var í opnum flokki og tvíliðaleik. Alls tóku 24 manns þátt eða 12 pör. Júlíana Ágústsdóttir og Eysteinn Gunnarsson fóru að lokum með sigur af hólmi.

HSS hélt sameiginlegt sundmót með UDN laugardaginn 28. apríl, en UDN bar hitann og þungann af skipulagningu og framkvæmd mótsins. Mótinu hafði áður verið aflýst í október vegna ónógrar þátttöku og þátttaka af Ströndum var einnig afar dræm í aprílmótinu þrátt fyrir að það hafi verið vel auglýst.

Bridgemót HSS í tvímenningi var haldið í Félagsheimilinu í Árnesi þriðjudaginn 1. maí í samvinnu við Bridgefélag Hólmavíkur og félaga í Umf. Leifi heppna sem tóku frábærlega á móti þátttakendum. Tíu pör tóku þátt í mótinu, en þeir Björn Pálsson og Guðjón Dalkvist Gunnarsson stóðu uppi sem öruggir sigurvegarar.

Keppendur fóru á vegum HSS á tvö landsmót. Ellefu keppendur fóru á fyrsta Landsmót 50 ára og eldri á Hvammstanga og kepptu í golfi, frjálsíþróttum, bridge og dráttarvélarakstri. Allmargir krakkar fóru til keppni á Unglingalandsmóti UMFÍ á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. Kepptu þau í fótbolta, körfubolta og frjálsum íþróttum og náðu

góðum árangri. HSS sendi sameiginlegt lið í hópíþróttir með USVH eins og undanfarin ár. Þannig gátu okkar krakkar myndað lið með Húnvetningum í sínum aldursflokki. Það var mikill áhugi hjá foreldum að fylgja börnum sínum á mótið, þannig skapaðist góð fjölskyldu stemming í hópnum. Vignir þakkaði öllum þeim sem fóru á Unglingalandsmótið fyrir ánægjulega daga á Egilstöðum.

HSS og sveitarfélagið Strandabyggð gerðu með sér samstarfssamning þann 1. apríl 2011 um að tómstundafulltrúi Strandabyggðar tæki að sér framkvæmdastjórn HSS á ársgrundvelli og hefur HSS þar með aðgang að skrifstofuherbergi í húsnæði Strandabyggðar.

Arnar Snæberg Jónsson er tómstundafulltrúi Strandabyggðar og hefur hann séð um heimsíðu HSS og borið hitann og þungann af allri vinnu er varðar útgáfu á úrslitum, auglýsingum í tengslum við mótshald og hin ýmsu samskipti við ÍSÍ, UMFÍ og aðildarfélög HSS. Sambandið fékk styrk úr verkefnasjóði UMFÍ vegna vinnu við úrbætur á heimasíðu.

Námskeið um Felix var haldið á Hólmavík þann 16. nóvember 2011. Framkvæmdastjóri ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ og Rúna Hilmarsdóttir umsjónarmaður Felix heimsóttu okkur. Námskeiðið var þátttakendum að kostnaðarlausu. Alls mættu 12 þátttakendur á vegum aðildarfélaganna HSS auk tveggja gesta frá UDN.

Formaður HSS og þær Sigrún og Dagrún Kristinsdætur fóru á sambandsþing UMFÍ á Akureyri helgina 15.-16. október. Formaður sambandsins fór einnig á formannafund ÍSÍ í Reykjavík þann 11. nóvember.

Að endingu þakkaði Vignir öllum sem höfðu starfað með honum í stjórn HSS sem og Arnari S. Jónssyni framkvæmdastjóra, Húnvetningum fyrir ánægjulegt samstarf á Unglingalandsmótinu á Egilstöðum og öllum sem styrkt hafa sambandið á árinu, sveitarfélögum og fyrirtækjum. Vignir tók fram að framkvæmdastjórastarf sambandsins væri mjög gagnlegt og mikið til bóta að hafa aðgang að starfsmanni þess allt árið.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar. Enginn tók til máls. Þá var skýrsla stjórnar borin undir atkvæði. *Samþykkt samhljóða.*

Kjörbréfanefnd kom nú fram eftir að hafa lokið störfum. Hún bar fram tvær athugasemdir; varðandi Kolbein Skagfjörð Jósteynsson og Þorstein Paul Newton sem ekki fundust á útprentaðri félagaskrá Umf. Geisla. Við leit að nöfnum þeirra í Felix kom í ljós að þeir eru báðir skráðir í félagið en birtust þó ekki á opinberri félagaskrá til útrentunar. Að líkindum er þarna um að ræða villu í kerfinu. Jóhann Björn Arngrímsson lagði til að þingið samþykkti atkvæðarétt þeirra þó þeir væru ekki á útprentaðri félagsskrá. *Samþykkt samhljóða.*

5. Ársreikningur

Þorsteinn Newton gjaldkeri stjórnar HSS lagði fram endurskoðaða reikninga ársins 2011. Þorsteinn fór yfir reikninga og útskýrði einstaka töluliði. Hagnaður var af rekstri sambandsins árið 2011. Það kemur til vegna styrkja frá fyrirtækjum, sveitarfélögum, UMFÍ og fleirum og sér í lagi vegna viðbótarstyrks frá ÍSÍ vegna ósóttra lottóvinninga.

Helstu upphæðir ársreiknings 2011:

- Skuldir og eigið fé kr. 3.889.227.-
- Eigið fé og eignir er kr. 2.185.924.-

Þorsteinn þakkaði sérstaklega fyrir styrki frá sveitarfélögum og fyrirtækjum. Að því loknu gaf fundarstjóri orðið laust. Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson hrósaði gjaldkera og stjórn fyrir að halda vel utan um fjármálin.

Þorsteinn tók nú til máls aftur og skýrði frá því að hann væri búinn að vinna drög að rekstraráætlun fyrir árið 2012. Þar gerði hann ráð fyrir svipuðu ári og 2011; svipaðar tekjur af lottói en gerir ekki ráð fyrir jafnmiklum upphæðum í styrki. Áætlunin verði lögð fram af fjárhagsnefnd síðar á þinginu.

Þá benti Þorsteinn á súlurit sem sýna félagafjölda í HSS og dreift hafði verið á þinginu um þróun sl. átta ára í félagatali aðildarfélagana. Hann leggur áherslu á rétta skráningu félaga annars vegar og iðkenda hins vegar. Þetta skiptir máli vegna lottótekna. Þorsteinn vísar því til aðildarféлага að fara yfir skráninguna hjá sér. Mikilvægt er að misræmi milli aðildarféлага myndist ekki við úthlutun styrkja.

Óskar Torfason bendir á að sundurliða mætti styrki fyrirtækja í ársreikningi. Þorsteinn tók undir það og útskýrði upphæðina: Hólmadrangur styrkti sambandið um kr. 45.000 og Orkubú Vestfjarða gaf 200.000 kr. til HSS. Einnig kom fram athugasemd um að nafn Strandabyggðar væri ekki við veittan styrk frá sveitarfélaginu, heldur nafn Héraðsnefndar Strandasýslu.

Fundarstjóri bar ársreikninga fyrir árið 2011 undir atkvæði. *Samþykktir samhljóða.*

6. Skýrsla framkvæmdastjóra

Arnar S. Jónsson framkvæmdastjóri tók til máls og flutti skýrslu framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri HSS starfaði í 10% stöðu skv. samningi milli Héraðssambands Strandamanna og sveitarfélagsins Strandabyggðar, en staðan er hluti af starfi Tómsundafulltrúa Strandabyggðar sem starfar í 70% stöðu á ársgrundvelli. Samningurinn tók gildi 1. apríl 2011.

Heilt yfir tekið má segja að starfið hafi gengið vel. Framkvæmdastjóri hafði ekki komið að starfi HSS áður og HSS ekki áður haft mann í fullu starfi allt árið. Framkvæmdastjóri hafði

aðsetur sitt á skrifstofu í Próunarsetrinu að Höfðagötu 3 á Hólmavík. Hann tók við öllum erindum og bréfum sem bárust til sambandsins og kom þeim á framfæri. Framkvæmdastjóri sat alla stjórnarfundum sem haldnir voru á síðasta starfsári, ritaði fundargerðir stjórnar og hélt utan um dagskrá þegar þörf var á. Samstarf við stjórn HSS hefur verið mjög gott. Auk stjórnarfundanna voru haldnir óteljandi óformlegir fundir með Vigni Pálssyni formanni sem hefur verið duglegur að halda framkvæmdastjóranum við efnið.

Meðal verkefna framkvæmdastjóra á árinu var undirbúningur, skipulagning og framkvæmd móta, fundarhöld, námskeiðshald, margvísleg samskipti og aðstoð við aðildarfélög HSS, samskipti varðandi ýmis verkefni tengd íþróttahreyfingunni, aðkoma að forvarnardegi, skráning úrslita úr mótum, upplýsingagjöf í gegnum vefsíðu og fréttabréf, tiltekt á skrifstofu og í gögnum sambandsins og margt fleira.

Eitt af fyrstu verkefnum nýs framkvæmdastjóra var að endurhanna heimasíðu sambandsins á slóðinni hss.123.is. Lagfæring og endurbætur fóru fram í aprílmánuði 2011. Þær voru viðamiklar og náðu til útlits og ekki síður til innihalds. Arnar hvatti aðildarfélög til að nýta sér heimasíðu HSS betur en þau hafa gert hingað til.

Mikil aukning varð í heimsóknum á heimasíðuna. Árið 2011 heimsóttu 11.086 einstakir notendur síðuna og flettingar voru alls 39.902. Það er tæplega 300% aukning frá því sem best hefur verið. Alls birtust 67 fréttir á vefnum árið 2011. Áður höfðu mest verið birtar 34 fréttir árið 2008. Á sama tíma og síða HSS var endurbætt var útbúin fésbókarsíða fyrir sambandið.

Tvö fréttabréf voru gefin út á árinu og send út í alla sýsluna. Vinna við gerð fréttabréfanna tók þó nokkuð mikinn tíma og rafræn miðlun er mun auðveldari í allri framkvæmd. Stilla þarf fjölda fréttabréfa í hóf vegna þess hversu tímafrek vinnan við þau er.

Fjölmargir tölvupóstar voru sendir út með margvíslegu efni til formanna aðildarfélaganna HSS sem og stjórnar HSS. Bæði var þarna um ræða kynningarefni sem og erindi sem varða innra starf sambandsins. Formönnum aðildarfélaganna er ætlað að koma þessu efni á framfæri innan sinna félaganna, en stór hluti þess er einnig birtur á vefsíðu sambandsins.

Framkvæmdastjóri aðstoðaði þrjú aðildarfélög á árinu við styrkumsóknir til sveitarfélaganna í sérstaka sjóði eða til sveitarfélaganna. Samskipti við aðildarfélögin fóru aðallega fram í gegnum tölvupóst til formanna aðildarfélaganna. Félagunum eru sendar margvíslegar upplýsingar í tölvupósti, alls konar kynningarefni um námskeið, ráðstefnur, mótshald á vegum sambandsins og ábendingar um tækifæri til að sækja um styrki, t.d. í Íþróttasjóð, fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ, Æskulýðssjóð og sérsjóð HSS svo fáeinir séu nefndir. Í mörgum tilfellum voru þessir póstar einnig sendir á stjórn HSS.

Segja má að frekar lítil viðbrögð hafi verið við þessum sendingum. Dæmi voru um að menn bæðu um að vera teknir af póstlistanum. Framkvæmdastjóri hvatti félögin til að nýta sér þann aðgang sem þau hafa að framkvæmdastjóra. Samkvæmt samningi um starf framkvæmdastjóra

er í hans verkahring að undirbúa og skipuleggja mótshald á vegum sambandsins. Þessu var sinnt af fremsta megni og sá framkvæmdastjóri alfarið um móttöku skráninga á Barnamót HSS í ágúst, Boltamót HSS og Hólmadrangs í desember og badmintonmót í mars. Hins vegar var framkvæmdastjóri í sumarfrí í starfi sínu sem tómstundafulltrúi Strandabyggðar allan júlí og fyrri part ágúst og það þýddi að hann tók engan þátt í skipulagningu og utanumhaldi vegna Héraðsmóts í frjálsum og ferðar á Unglingalandsmót.

Arnar tók fram að gera þyrfti ráðstafanir í tíma fyrir sumarið 2012 og ákveða með góðum fyrirvara hvaða aðili tekur að sér að halda utan um þau verkefni sem að jöfnu væru á höndum framkvæmdastjóra. Staða framkvæmdastjóra á heils árs grundvelli býður upp á að meiri fjölbreytileiki sé í mótshaldi en verið hefur undanfarin ár. Þetta sýnir sig í því að sambandið hélt badmintonmót og briddsmót í vetur og á döfinni er að halda borðtennismót. Þessi mót voru sannarlega skemmtilegt krydd í íþróttaflórana.

Mæting á mót ársins var misjöfn. Það veldur framkvæmdastjóra ákveðnum áhyggjum að staða sundíþróttarinnar virðist vera veik á Ströndum og áhugi á frjálsum íþróttum er ekki nógu mikill að mati undirritaðs. Hugsa þarf upp leiðir til að krydda mótin og gera skemmtanagildi þeirra meira. Vísir að þessu var framkvæmdur á barnamóti í frjálsum á Drangnesi, en þá fékkst styrkur frá KSH þannig að allir gátu fengið sér pylsur og svala eftir keppni.

Arnar taldi nokkuð starf óunnið hjá HSS við að koma ýmsum málum sambandsins í lag. Saga síðustu 20 ára liggur svo til einvörðungu í fréttabréfum. Gaman væri að skoða möguleika á því að uppfæra metaskrá sambandsins, en hún kom síðast út árið 1984.

Þá nefndi hann brýnt að ráðast í skoðun á lögum sambandsins sem og reglugerðum varðandi íþróttamót, ráð og nefndir og skoða sérstaklega hvaða ráð þurfi að vera starfandi hverju sinni þegar tekið er mið af stöðu ólíkra íþrótta. Gott dæmi um þetta er t.d. körfuboltaráð, en ekkert mót eða starfsemi hefur verið í þeirri íþróttagrein á vegum HSS. Nær væri að skoða skipun á sérstöku Mótsráði sem myndi halda utan um almennt mótshald í ólíkum íþróttagreinum á vegum HSS.

Arnar nefndi að mikilvægt væri að aðildarfélög HSS gerði átak í skráningu á Felix hvað varðar félagatal og iðkendafjölda. Arnar endaði á að þakka stjórn HSS kærlega fyrir mikil og góð samskipti og samvinnu undanfarið ár. Einnig fengu formenn aðildarfélaga góðar þakkir og allt það fólk sem starfar innan íþróttahreyfingarinnar og hefur komið að starfi HSS á einn eða annan hátt á árinu.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu framkvæmdastjóra.

Vignir tók til máls. Vignir minntist á samning við Strandabyggð um framkvæmdastjóra-stöðuna og telur hann vera til bóta. Vignir leggur áherslu á að aðildarfélögin nýti framkvæmdastjórnann til að hjálpa til við að ná í styrki frá hinum ýmsu sjóðum. Vignir er sammála Arnari um að halda þurfi vel utan um sögu félagsins.

Fundarstjóri tók nú við og bar skýrslu framkvæmdastjóra undir atkvæði.

Skýrslan samþykkt samhljóða.

7. Kosning nefnda

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um skiptingu í uppstillingarnefnd, fjárhagsnefnd, íþróttanefnd og allsherjar- og laganefnd.

Fjárhagsnefnd

Þorsteinn Newton formaður
Jóhann Björn Arngrímsson
Ásdís Jónsdóttir
Jóhann L. Jónsson

Uppstillingarnefnd

Óskar Torfason formaður
Alda Sverrisdóttir
Ragnheiður Guðmundsdóttir
Rósmundur Númason

Allsherjar- og laganefnd

Jón Pálmar Ragnarsson formaður
Lýður Jónsson
Ingimundur Pálsson

Íþróttanefnd

Árný Haraldsdóttir formaður
Ingimar Sigurðsson
Arna Sól Mánadóttir
Kolbeinn Jósteinsson
Steinar Ingi Gunnarsson
Guðbjörg Hauksdóttir
Stella Guðrún Jóhannsdóttir
Harpa Óskarsdóttir
Vignir Pálsson

Tillaga um nefndir samþykkt samhljóða.

8. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.

Vignir tók til máls og lagði fram eina tillögu frá stjórn og framkvæmdastjóra HSS:

Tillaga: „65. ársþing HSS haldið á Borðeyri sunnudaginn 6. maí samþykkir að stjórn HSS vinni að umsókn um að halda Landsmót 50+ árið 2014 í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.“

Greinargerð: Stjórn HSS telur vel við hæfi að Landsmót 50 ára og eldri yrði haldið á Ströndum árið 2014, en þá eru 70 ár frá stofnun Héraðssambands Strandamanna. Stefnt er að keppni í frjálsum íþróttum, sundi, golfi, badminton, borðtennis, boccia, bridds, skák, ringo, víðavangshlaupi, dráttarvélakstri, línubeitningu, pönnukökubakstri og hrútaþukli svo fátt eitt sé nefnt.

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til íþróttanefndar.

Fundarstjóri tók nú til máls og bauð gestum þingsins að ávarpa þingið.

Líney Rut Halldórsdóttir tók máls. Hún flutti kveðju frá Ólafi Rafnssyni forseta ÍSÍ og stjórn sambandsins. Líney Rut hrósaði ársreikningi og segir haldið vel utan um fjármálin. Líney er sammála Arnari um að efla skuli starfið og hvetur aðildarfélögin til að nýta sér aðgang að framkvæmdastjóranum sem hafi hjartað á réttum stað fyrir sambandið. Hún hvetur félögin til að innleiða stefnur ÍSÍ í málefnum ungmenna og stefna að því að gerast fyrirmyndarfélag.

Líney afhenti Vigni 100 ára afmælisrit ÍSÍ, Íþróttabókina, og afmælisfána sambandsins að gjöf. Hún talaði einnig um lottó og getraunir og minnir á að Íslensk Getspá er einkafélag í eigu Íþróttahreyfingarinnar og öryrkja. Líney minnir á að skrifstofa ÍSÍ sé alltaf opin og þar sé góða hjálp að fá.

Líney Rut heiðraði því næst Magnús Steingrímsson á Stað með silfurmerki ÍSÍ fyrir ötult starf í þágu skíðaíþróttarinnar á Ströndum. Jóhann Björn Arngrímsson var sæmdur gullmerki ÍSÍ vegna starfa sinna fyrir Íþróttahreyfinguna. Magnús var ekki á staðnum en Jóhann Björn tók við sínu merki undir lófataki þingfulltrúa.

Þá kom Stefán Skafti Steinólfsson frá UMFÍ í pontu. Hann flutti þingfulltrúum góðar kveðjur frá Helgu Guðjósósdóttur formanni. Stefán hrósaði ársskýrslu sambandsins. Lottóið hefur gengið vel og vonandi verða fjármunir þar meiri í framhaldinu. Stefán lagði ríka áherslu á að aðildarfélög sæki um í sjóði UMFÍ. Hann minnti á mikilvægi þess að vekja athygli á starfi félaganna, því að það sem félögin gera er partur af menningarstarfi sveitanna. Hann hvetur fólk til að mæta á 50+ mótið í Mosfellsbæ sumarið 2012.

Að lokum fór Stefán Skafti með vísu til þingsins:

Hógværðin er hjartans mál.

Henni skalt þú flíka.

Auðmýkt sýndu, ekki tál,

auðnu færð þú ríka.

9. Nefndarstörf

Nú tóku nefndir til starfa auk þess sem gert var kaffihlé. Gæddu þingfulltrúar og gestir sér á gómsætum og glæsilegum veitingum frá Ungmennafélaginu Hörpu.

10. Nefndarálit, umræður og atkvæðagreiðslur

Fundarstjóri bauð nú nefndum að skýra frá vinnu sinni og tillögum. Fyrst í pontu var Árný Huld Haraldsdóttir fyrir íþróttanefnd.

Íþróttanefnd

Árný Huld Haraldsdóttir formaður íþróttanefndar lagði fram þrjár tillögur frá íþróttanefnd.

1) Íþróttanefnd lagði fram óbreytta tillögu frá stjórn HSS:

„65. ársþing HSS haldið á Borðeyri 6. maí samþykkir að stjórn HSS vinni að umsókn um að halda Landsmót 50+ árið 2014 í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

2) Tillaga að mótadagskrá sumarsins:

- 8.-10. júní - Landsmót 50 ára og eldri í Mosfellsbæ
- 16. júní – Kvennahlaup ÍSÍ og Sjóvá
- 29. júní – Polla- og þæjumót á sparkvellingum á Hólmavík
- 28. júlí – Héraðsmót í frjálsum á Sævangsvelli
- 3.-5. ágúst - Unglingalandsmót á Selfossi
- 18. ágúst - Barnamót HSS á Kollsársvelli

Fram kom í máli Árnýjar að Arnar S. Jónsson framkvæmdastjóri hefði sett fram hugmynd til nefndarinnar um að göngudagur fjölskyldunnar yrði haldinn hjá hverju aðildarfélagi eða í samvinnu þeirra ef stjórnir þeirra vildu það frekar. Nefndin leggur til að slíkur dagur verði haldinn fimmtudaginn 30. ágúst.

Fundarstjóri opnaði nú á umræður. Arnar S. Jónsson kvað sér hljóðs og mælti með því að haustfundur yrði haldinn eftir mót sumarsins til að gera upp sumarið og skipuleggja mót vetrarins. Lýsti sig annars samþykkjan tillögu íþróttanefndar að mótadagskrá. Fundarstjóri hvatti Arnar til að gera tillögu varðandi haustfundinn og leggja hana fram til samþykktar.

Ragnheiður B. Guðmundsdóttir nefndi að heldur stutt væri í Unglingalandsmót frá Héraðsmóti. Um þetta fóru fram fjörugar umræður í sal. Fundarstjóri bar síðan fram tillögu um að Héraðsmót í frjálsum yrði haldið þann 15. júlí.

Tillagan samþykkt með 21 atkvæði en fjórir voru á móti.

Jóhann Björn Arngrímsson nefndi héraðsmót í golfi, en það var ekki haldið sumarið 2011. Vignir kom í pontu og bar fram tillögu um að Golfklúbbur Hólmavíkur haldi héraðsmót í samstarfi við HSS. Dagsetning verði ákveðin af þessum aðilum. *Samþykkt samhljóða.*

Nú var gengið til atkvæða um mótadagskrá í heild sinni eftir áorðnar og samþykktar breytingar. Eftir breytingar var dagskráin eins og hér segir:

- 8.-10. júní** - Landsmót 50 ára og eldri í Mosfellsbæ
- 16. júní** – Kvennahlaup ÍSÍ og Sjóvá
- 29. júní** – Polla- og þæjumót á sparkvellingum á Hólmavík
- 15. júlí** – Héraðsmót í frjálsum á Sævangsvelli
- 3.-5. ágúst** - Unglingalandsmót á Selfossi
- 18. ágúst** - Barnamót HSS á Kollsársvelli
- 30. ágúst** – Göngudagur fjölskyldunnar
- Héraðsmót í golfi** – dagsetning ákveðin síðar

Dagskráin samþykkt samhljóða.

3) Árný bar fram þriðju og síðustu tillögu Íþróttanefndar:

„65. ársþing HSS haldið á Borðeyri 6. maí samþykkir að stjórn og framkvæmdastjóri HSS vinni að endurskoðun á skipun í nefndir og ráð sambandsins fyrir næsta ársþing.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

Allsherjar- og laganefnd

Jón Pálmar Ragnarsson formaður allsherjar- og laganefndar steig í pontu og gerði grein fyrir einni tillögu frá henni:

„65. ársþing HSS haldið á Borðeyri sunnudaginn 6. maí samþykkir að lög HSS verði send til umsagnar og skoðunar hjá ÍSÍ og UMFÍ. Ársþing felur laganefnd HSS og framkvæmdastjóra að vinna að málinu og að niðurstöður verði kynntar á næsta ársþingi.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fjárhagsnefnd

Þorsteinn Newton formaður kom í pontu og lagði fram rekstraráætlun fyrir árið 2012. Gert er ráð fyrir auknum skrifstofukostnaði, þá helst vegna bókhalds. Kostnaður kynningar, fræðslu og útbreiðslu var aukinn í áætluninni. Félagsgjald óbreytt á hvern féлага, 180 kr.

Tillaga um rekstraráætlun samþykkt samhljóða.

Uppstillingarnefnd

Óskar Torfason formaður uppstillingarnefndar fór yfir tillögur um skipan í ráð og nefndir.

1) Tillaga um laganefnd

„65. ársþing HSS haldið á Borðeyri 6. maí 2012 samþykkir að skipa laganefnd í samræmi við samþykkt þingsins um endurskoðun laga sambandsins fyrir næsta ársþing.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

Óskar lagði til að laganefnd skipuðu Matthías Lýðsson, Vignir Pálsson og Jóhann Björn Arngrímsson.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2) Stjórnir, ráð og nefndir

Þá var borin fram tillaga um uppstillingu á stjórn HSS sem er öll reiðubúin til að sitja áfram. Aðalmenn í stjórn samkvæmt tillögu uppstillingarnefndar væru Vignir Örn Pálsson, Þorsteinn Newton, Rósmundur Númason, Hrafnhildur Þorsteinsdóttir og Aðalbjörg Óskarsdóttir. Varamenn væru Óskar Torfason, Bjarnheiður Júlía Fossdal og Birna Richardsdóttir.

Tillagan samþykkt samhljóða með lófataki.

Þá bar Óskar fram eftirfarandi tillögu að skipan í ráð og nefndir:

Körfuboltaráð:

Óskar Torfason

Bjarki Hólm Guðlaugsson

Ragnar Bragason

Til vara:

Ragnheiður B. Guðmundsdóttir

Björn Torfason

Tillagan samþykkt samhljóða

Sundráð:

Guðbjörg Hauksdóttir

Hafdís Baldursdóttir

Sigurður Marinó Þorvaldsson

Til vara:

Helga L. Arngrímsdóttir

Aðalbjörg Óskarsdóttir

Tillagan samþykkt samhljóða

Frjálsíþróttaráð:

Sigríður Guðbjörg Jónsdóttir

Jóhann L. Jónsson

Birna Ingimarsdóttir

Til vara:

Bryndís Sveinsdóttir

Bjarnheiður Fossdal

Tillagan samþykkt samhljóða

Knattspyrnuráð:

Halldór Logi Friðgeirsson

Jón Eðvald Halldórsson

Jóhann Áskell Gunnarsson

Til vara:

Róbert Hlífur Ingólfsson

Sölvi Baldursson

Tillagan samþykkt samhljóða

Unglingalandsmótsnefnd:

Jón Pálmar Ragnarsson
Guðbjörg Hauksdóttir
Jóhann Á. Gunnarsson
Tillagan samþykkt samhljóða

Skoðunarmenn reikninga:

Þorsteinn Sigfússon
Ingimundur Pálsson
Til vara:
Signý Ólafsdóttir
Ólafur Ingimundarson
Tillagan samþykkt samhljóða

12. Önnur mál

Fundarstjóri gaf nú orðið laust.

Arnar S. Jónsson greip orðið og lagði fram svohljóðandi tillögu:

„65. ársþing HSS haldið á Borðeyri 6. maí 2012 samþykkir að stjórn HSS haldi fund í október með fulltrúum aðildarfélaganna varðandi skipulag móta yfir vetrartímamenn. Fundurinn verði opinn öllum áhugasömum um íþróttastarf á Ströndum. Leitast verði við að halda fjölbreytt mót yfir veturinn sem víðast á starfssvæði HSS.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

Vignir Örn Pálsson formaður HSS kvaddi sér hljóðs. Hann talaði um að endurvekja borðtennismót. Hann leggur fram eftirfarandi tillögu:

„65. ársþing HSS haldið á Borðeyri 6. maí 2012 samþykkir að halda borðtennismót á Hólmavík miðvikudaginn 16. maí nk.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

Lýður Jónsson kom nú í pontu og ræddi verðlaunapeninga og kostnað í kringum þá. Hann nefnir að frekar ætti að veita viðurkenningaskjöl og minnka þannig kostnaðinn. Einnig væri hægt að útfæra verðlaunagripni með þeim hætti að þeir yrðu gerðir í heimabyggð.

Ingimar Sigurðsson fundarstjóri bar fram eftirfarandi tillögu í framhaldi af þessu:

„65. ársþing HSS haldið á Borðeyri 6. maí 2012 samþykkir að fela stjórn HSS og framkvæmdastjóra að útfæra og móta stefnu varðandi veitingu verðlauna á íþróttamótum. Tekin verður nánari ákvörðun um málið á haustfundi HSS haustið 2012.“

Tillagan samþykkt samhljóða

Vignir Pálsson tók nú til máls og lýsti kjöri íþróttamanns ársins hjá HSS og efnilegasta íþróttamanns ársins.

Íþróttamaður HSS árið 2011:

1. sæti: Rósmundur Númason
2. sæti: Hadda Borg Björnsdóttir
3. sæti: Ragnar Bragason

Efnilegasti íþróttamaður HSS árið 2011:

1. sæti: Harpa Óskarsdóttir
2. sæti: Númi Leó Rósmundsson
3. sæti: Brandís Ösp Ragnarsdóttir

Rósmundur og Harpa tóku við viðurkenningum sínum undir lófataki allra viðstaddra. Vignir afhenti Skíðafélagi Strandamanna UMFÍ-bikarinn fyrir vel unnin störf á árinu. Rósmundur Númason tók við bikarnum fyrir hönd félagsins.

Arnar S. Jónsson tók til máls. Hann óskaði íþróttamönnum til hamingju með vel heppnað íþróttarár og hvatti Hörpu Óskardóttur spjótkastara sérstaklega til dáða. Allir eru velkomnir á skrifstofu Arnars og allar hugmyndir að nýjum mótum eru vel þegnar. Hann hvatti félög síðan sérstaklega til að koma sér upp heimasíðu og lofaði aðstoð við slíka vinnu.

13. Þingslit

Vignir Örn Pálsson tók til máls og bað um samþykki fyrir að fundarritarar myndu ganga frá fundargerð eftir þingið.

Samþykkt samhljóða.

Hann þakkaði starfsmönnum þingsins, riturum og fundarstjóra kærlega fyrir komuna auk þess sem hann þakkaði Hrútfirðingum fyrir góðar móttökur og eigendum Tangahúss fyrir sérlega góðar veitingar. Þingfulltrúar klöppuðu duglega fyrir frábærum mótökum. Vignir sleit síðan þinginu og óskaði öllum góðrar heimferðar.

Þingi slitið kl 17:10

Fundargjörð rituð af Jóni Pálmari Ragnarssyni
og Ragnheiði B. Guðmundsdóttur,
hreinskrifuð í tölvu af Arnari S. Jónssyni.